

Fundargerð ársþings TSÍ – haldið 5. apríl 2025 kl. 12:00 á Engjavegi 6

11 fulltrúar mættir á ársþingi:

- UMSK: Jónas Páll, Magnús Ragnarsson, Rut Steinsdóttir, Gunnar Finnbjörnsson, Soumia Islami Georgsdóttir, Helgi Magnússon
- IBR: Raj Bonifacius, Dagbjartur H. Guðmundsson, Kristín Dana Husted
- IBH: Arnaldur Orri Gunnarsson, Andri Jónsson

Dagskrá

1. Þingsetning Fundurinn settur formlega.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

- Fundarstjóri: Hafsteinn Pálsson
- Ritari: Soumia Islami Georgsdóttir

3. Kosnar fastar nefndir (samþykkt að kjósa einungis kjörbréfanefnd):

- Kjörbréfanefnd: Rut, Raj, Arnaldur

4. Skýrsla fráfarandi stjórnar Skýrsla lögð fram og rædd:

- Ísland er orðið hluti af Nordic Open, en tekur ekki þátt í ár vegna áreksturs við Davis Cup.
- Raj sagði af sér úr stjórn TSÍ þegar hann tók við starfi landsliðsþjálfara, Andri tók sæti hans.
- Formannafundur var haldinn í ár og verður árlegur viðburður framvegis.
- Jón Axel sagði af sér sem landsliðsþjálfari kvenna; Raj ráðinn í staðinn.
- Andri sagði af sér sem landsliðsþjálfari karla; Anton ráðinn í staðinn.
- Tekjur sambandsins stöðugar eða örlítið lækkaðar; félög þurfa að sækja meira fjármagn.
- Breytingar á TSÍ mótum: Fastur stuðningur frá TSÍ til mótshaldara sem ráðstafa fjármagninu.
- Það er verið að vinna í því að búa til betra og sanngjarnara innkaupaferli gagnvart öllum birgjum.
- Stefnumótun til 2030 samþykkt.
- Markmið TSÍ er að fara úr verkefnasambandi í afrekssamband til að sækja meira fjármagn frá ÍSÍ..
- Engir styrkir verða veittir til félaga vegna kynningar- og útbreiðslustarfs árið 2025. Þessi erfiða ákvörðun var tekin eftir verulega lækkun á tekjum vegna Davis Cup og BJJC.
- Umræður um erlenda keppendur og stefnu sambandsins gagnvart þeim. Áframahaldi vísað til fómannafundar.
- Endurskoðun laga sambandsins í samstarfi við ÍSÍ verður unnin á árinu.
- Fögnum því að Árshátíð haldin í annað sinn eftir COVID.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

- Rekstrarreikningur dregst saman og er undir væntingum miðað við kostnað.
- Ársreikningur samþykktur samhljóða; skoðunarmenn samþykktu án athugasemda.

6. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram

- 50% lækkun frá TFI; aðrir styrkir svipaðir, en hækkun í afreksþjóðaflokki.
- Boltakaup: þarfnast kostnaðarhagræðingar.
- Engar tillögur um breytingar lagðar fram.
- Umræður: Raj spurði um þátttöku í Nordic Open; ekki keppt í ár en stefnt að þátttöku síðar.

7. Laga- og leikreglnabreytingar Engar sérstakar lagabreytingar teknar til umræðu. Unnið að nýjum lögum innan ÍSÍ sem einfalda breytingar hjá TSÍ.

8. Aðrar tillögur og mál Engar aðrar tillögur bárust.

9. Nefndarálit og atkvæðagreiðsla Engin sérstök mál til atkvæðagreiðslu að þessu sinni.

10. Gjald aðildarféлага Óbreytt gjald samþykkt samhljóða.

11. Önnur mál

- Gullmerki veitt til Raj Bonifacius fyrir hans framlag til tennis á Íslandi
- ITN umræða: Raj kynnti World Tennis Number.

12. Stjórnarkjör:

- Magnús gefur kost á sér til formanns
- Kosnir í aðalstjórn til tveggja ára: Andri Jónsson og Mia
- Varamenn kosnir: Ólöf Skaftadórrit, Diana Ivancheva og Reynir Eyvindarson
- Skoðunarmenn reikninga voru kosin Indriði H. Þorláksson og Aleksandra Babic.

13. Önnur atriði:

- Þakkir til fráfaramandi stjórnar.
- Forsetakjör framundan hjá ÍSÍ.
- Lagabreytingar hjá ÍSÍ hafa áhrif á lög TSÍ – breytingar kalla á frekari aðlögun hjá samböndum.
- Nefnd vinnur að lagabreytingum og stefnu.
- Æskilegt að uppfæra lög TSÍ í takt við ný viðmið.
- Afrekssamband: vinna að nálgun svipaðri og norrænu samböndin notast við.
- Fjármagn frá fjármálaráðuneytinu til íþróttastarfs í aukningu.

Þinginu slitið kl. 14:19.